



Reykjavík, 8. apríl 2026  
SFS26020063

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Tillaga um úthlutun styrkja úr þróunar- og nýsköpunarsjóði B hluta - Látum draumana rætast skólaárið 2026 – 2027***

Samtals bárust 14 umsóknir fyrir kr. 91.050.000 en til úthlutunar eru kr. 50.000.000, 25 milljónir á fjárhagsárinu 2026 og 25 milljónir á fjárhagsárinu 2027. Sótt var um styrki vegna þriggja samstarfsverkefna grunnskóla, þriggja samstarfsverkefna leikskóla, tveggja samstarfsverkefna frístundastarfs og sex þverfaglegra samstarfsverkefna leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs.

Skipuð er úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála skóla- og frístundasviðs og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkuppþæð. Á fundi með úthlutunarnefnd þann 7. apríl 2026 voru umsóknir metnar út frá reglum sjóðsins og lögð er fram eftirfarandi tillaga að styrkjum úr þróunar- og nýsköpunarsjóðnum *Látum draumana rætast*:

Tvö verkefni sem er samstarfsverkefni leikskóla fái samtals kr. 8 milljónir.

Þrjú verkefni sem eru samstarfsverkefni grunnskóla fái samtals kr. 16 milljónir.

Tvö verkefni sem eru samstarfsverkefni frístundastarfs fái samtals kr. 8 milljónir.

Fjögur samstarfsverkefni leikskóla/grunnskóla/frístundastarfs fái styrki að samtals upphæð kr. 18 milljónir.

**Samtals 11 verkefni sem fái styrki að upphæð kr. 50 milljónir.**

Lagt er til að eftirfarandi verkefni hljóti styrki:

#### **Samstarfsverkefni leikskóla:**

*Leikur nám og gleði, 4 milljónir króna - Framhaldsverkefni*

Markmið þróunarverkefnisins árið 2026–2027 er að styrkja sjálfbæra sameiginlega leikmenningu kennara og barna í þáttökuleikskólum. Verkefnið byggir á þeirri sýn að leikur sé meginnámsleið barna og grundvöllur vellíðanar, tengslamyndunar og lýðræðislegrar þátttöku í leikskólasamfélagi. Áhersla verður lögð á að festa í sessi starfshætti sem styðja sjálfsprottinn leik á forsendum barna og markvissa þátttöku kennara í leik þegar við á. Uppeldisfræðilegar skráningar á leik barna verða nýttar sem virkt tæki til ígrundunar, greiningar og þróunar leikmenningar, fremur en eingöngu lýsandi skráningar.



## *Skólanámskrá, starfsáætlun og innra mat leikskóla Reykjavíkurborgar, 4 milljónir króna*

Helstu markmið þróunarverkefnisins eru að styrkja skólanámskrá leikskóla sem lifandi skjal, efla innra mat sem lærdóms- og umbótaferli og skapa sameiginlegan vettvang fagstjóra og leikskólastjóra til samræðu, ígrundunar og þróunar starfsins. Verkefnið miðar að því að tengja skólanámskrá, innra mat og starfsáætlun með markvissum hætti þannig að þessi skjöl styðji við daglegt starf, faglega forystu og umbótamiðaða menningu í leikskólum Reykjavíkurborgar

### **Samstarfsverkefni grunnskóla:**

#### *Starri (Starling), markviss orðaforðakennsla, 6 milljónir króna.*

Helsta markmið með innleiðingu á Starra (Starling) er að færa kennurum og nemendum raunprófaða kennsluaðferð sem kennarar geta beitt til að auka markvisst orðaforða nemenda, bæði þeirra sem vilja dýpka þekkingu á íslensku sem og þeirra sem hafa íslensku sem annað mál. Í menntastefnu Reykjavíkurborgar er áhersla á fagmennsku kennara og samstarf, með þessu verkefni eru 5 grunnskólar að vinna saman að sameiginlegu markmiði, stuðla að lærdómssamfélagi og efla um leið fagmennsku kennara með því að færa þeim raunprófaðar kennsluaðferðir þar sem hægt er að mæla árangur.

#### *Skólaskip - fræðsluverkefni um hafið og sjósókn, 6 milljónir króna.*

Skólaskip er fræðsluverkefni um siglingar, hafið og sjósókn sem er í þróun hjá Vesturmiðstöð. Verkefnið miðar að því að gefa börnum og ungmönnum tækifæri til að kynnast hafinu af eigin raun, öðlast innsýn inn í tækifærin sem nánd við hafið býður upp á og tengjast sterkari böndum náttúru, umhverfi, atvinnuháttum og menningararfi. Verkefnið er unnið í breiðu samstarfi skóla, stofnana, félagasamtaka og einstaklinga sem taka nú höndum saman og efla aðgengi barna að fræðslu um hafið og haftengdum upplifunum.

#### *Markvisst innra mat, 4 milljónir króna – framhaldsverkefni.*

Verkefnið er grunnskólaverkefni Suður-, Norður- og Vesturmiðstöðvar og skólastjórnenda í þessum hverfum. Markmiðið með verkefninu er að auka hæfni fagmennskuteyma til að efla markvisst innra mat í grunnskólum Reykjavíkur. Undanfari umsóknar er forvinna sem hefur verið unnin í Austurmiðstöð og í grunnskólum í austurhluta borgarinnar og þetta verkefni leggur áherslu á sambærilega vinnu í hinum hverfunum til að efla gæði grunnskólastarfs.

### **Samstarfsverkefni frístundastarfs:**

#### *Aukin hreyfing í daglegu frístundastarfi starfsstaða Tjarnarinnar, 4 milljónir króna.*

Helstu markmið verkefnisins eru að auka hreyfingu og þar með heilsu og betri líðan barna og unglinga í Miðbæ, Vesturbæ og Hlíðum. Starfsstaðir Tjarnarinnar eru: 100og1, 105, Frosti, Gleðibankinn, Hinsegin félagsmiðstöð, Frostheimar, Draumaland, Undraland, Skýjaborgir, Halastjarnan og Eldflaugin. Þá á jafnframt að efla hvern starfsstað fyrir sig til að finna lausnir til að auka daglega hreyfingu í starfseminni sem hentar. Lögð verður sérstök áhersla á miðborgina þar sem hreyfing barna og unglinga er minni en annars staðar.



### *Skjól í stormi, 4 milljónir króna – framhaldsverkefni.*

Samstarfsverkefni frístundamiðstöðvanna Tjarnarinnar, Brúarinnar, Kringlumýrar og Miðbergs ásamt mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, fagskrifstofu frístundamála og Samtakanna 78. Verkefnið snýr að vinnu með 13-16 ára trans börnum en rannsóknir síðustu ára hafa ítrekað sýnt fram á að ungir trans einstaklingar eru í miklum áhættuhópi fyrir ýmsa sálræna kvilla og fylgifyska. Markmið verkefnisins er að nýta kraft, þekkingu og færni innan félagsmiðstöðva til að hlúa að þessum hópi ungmenna, byggja hann upp og styrkja til frambúðar til að takast á við og standa af sér þann storm sem skekur samfélagið bæði á Íslandi og um heim allan og þær áskoranir sem fylgja auknum fordómum gagnvart þessum hópi fólks.

### **Samstarfsverkefni leikskóla/grunnskóla/frístundastarfs:**

#### *LÆM – Læsi allra mál (leikskóli, grunnskóli og frístundastarf), 6 milljónir króna – framhaldsverkefni.*

Samstarfsverkefni Suðurmiðstöðvar, leikskóla í Breiðholti, grunnskóla í Breiðholti, frístundaheimila í Breiðholti og ýmissa sérfræðinga í HÍ og HA. Markmið verkefnisins er að veita kennurum og starfsfólki markviss tækifæri til starfsþróunar og ígrundunar á eigin kennsluáðferðum vegna aukinnar endurgjafar, utanumhalds og úrvinnslu úr niðurstöðum skimana. Efla enn frekar gæði kennsluhátta í leik- og grunnskólum hverfisins í gegnum aukið samstarf við sérfræðinga skólajónustunnar með tíðari fræðslu og ráðgjöf. Að veita börnum sem eiga í erfiðleikum markvissa íhlutun eins fljótt og auðið er ásamt því að mæta þörfum hvers og eins. Að koma á samfelldum verkferlum á milli skólastiga sem og á milli grunnskóla og frístundastarfs. Að valdefla foreldra í hlutverki sínu sem málfiyrirmyndir barna sinna með faglegri fræðslu og nálgun.

#### *Málproski og læsi - að virkja þátttöku foreldra (leikskóli og grunnskóli), 4 milljónir króna – framhaldsverkefni.*

Samstarfsverkefni Fellaskóla, leikskólanna Aspar og Holts og Menntavísindasviðs HÍ. Markmið verkefnisins er að jafna tækifæri barna til náms, auka grunnfærni til að styrkja lestrarnám og styrkja um leið sjálfsmynd barnanna og foreldra þeirra. Stuðla að auknu íslenskunámi foreldra samhliða því sem börnin efla sinn orðaforða. Efla foreldrafræðslu, stuðla að aukinn færni og orðaforða foreldra í íslensku, ná betur til foreldrahópsins og styrkja hann til þátttöku í námi og leik barna sinna.

#### *HugSmíðja – Hugsandi skólasamfélag, 4 milljónir króna – framhaldsverkefni.*

Samstarfsverkefni Grandaskóla, Rimaskóla, Laugarnesskóla, Vesturmiðstöðvar, frístundaheimilisins Undralands, Mixtúru, Nýmennt HÍ og Menntavísindasviðs HÍ. Verkefnið felur í sér nýja nálgun á skólabókasöfn og kennsluhætti í grunnskólum. Samhliða verkefninu verður til dýrmæt reynsla í hönnun skólasafna 21. aldar skóla.

#### *Stafræn borgaravitund - Heildræn innleiðing hjá leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi Reykjavíkur, 4 milljónir króna.*

Samstarfsverkefni Langholtsskóla, Mixtúru, frístundaskrifstofu SFS, þverfaglegs teymisstjóra SFS, leikskólaskrifstofu SFS, Menntavísindasviðs HÍ, leikskólans Rauðaborgar, leikskólans Hofs, frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar, frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og Langholtsskóla. Verkefnið gengur út á innleiða stafræna borgaravitund á markvissan og heildstæðan hátt hjá leik- og grunnskólum ásamt frístundastarfi Reykjavíkur. Menntun í stafrænni borgaravitund felur í sér grunnþátt menntunar sem snýr að lýðræði og mannréttindum í stafrænum heimi.